

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 174/2018

2021/EES/15/02

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/829 frá 15. febrúar 2018 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/208 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 41. lið (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/208) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0829:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/829 frá 15. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 140, 6.6.2018, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/829, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 6.6.2018, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.